

AUGLÝSING

um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu árið 2003.

Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt og útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga. Tekjuskattshlutfall á árinu 2003 verður 25,75%. Meðalútsvar á árinu 2003, samkvæmt fyrirliggjandi ákvörðunum sveitarstjórna, verður 12,80%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2003 verður því 38,55%.

Fjármálaráðuneytinu, 18. desember 2002.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Jón Guðmundsson.

Nr. 913

20. desember 2002

REGLUR

um gjaldeyrismarkað.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í 18. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, sbr. og ákvæði 8. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál.

1. gr.

Aðild að millibankamarkaði með gjaldeyri.

Aðilar að millibankamarkaði með gjaldeyri (markaðsaðilar) geta þeir orðið, auk Seðlabanka Íslands, sem hafa ótakmarkað starfsleyfi til gjaldeyrisviðskipta á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1992, sbr. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 679/1994, enda taki þeir á sig ábyrgð og skyldur viðskiptavaka með Bandaríkjadal gagnvart íslenskri krónu samkvæmt ákvæðum þessara reglna. Nefndir aðilar auk ríkissjóðs hafa einir rétt til gjaldeyrisviðskipta við Seðlabankann.

Sækja þarf skriflega til Seðlabanka Íslands um að verða viðskiptavaki á gjaldeyrismarkaði skv. reglum þessum. Seðlabankinn sendir skriflegt svar við fullbúinni umsókn innan eins mánaðar frá því að hún berst. Samþykki bankinn umsóknina tilkynnir hann það öllum aðilum á markaðnum fimm viðskiptadögum áður en aðild umsækjanda tekur gildi.

Um uppsögn viðskiptavaka er fjallað í 13. gr.

2. gr.

Skyldur viðskiptavaka.

Viðskiptavaka er skylt að gefa upp bindandi kaup- og söluverð Bandaríkjadals ef annar markaðsaðili óskar þess. Sé fjárhæð eigi tilgreind skal viðskiptavaki miða við 1.500.000 Bandaríkjadali, og er honum skylt að eiga viðskipti fyrir þá fjárhæð á tilgreindu verði. Hafi markaðsaðili aðra fjárhæð í huga skal hann tilgreina hana, en þarf ekki að segja til um hvort hann vill kaupa eða selja. Viðskiptavaka er ekki skylt að láta uppi verð fyrir aðra fjárhæð en 1.500.000 Bandaríkjadali. Seðlabanki Íslands er undanþeginn þessu ákvæði og getur átt viðskipti við viðskiptavaka utan hefðbundins markaðstíma skv. 3. gr.

Endurprentað blað.